



Borgarráð

Sumarborgin 2020 - hverfin

Lagt er til að borgarráð samþykki að veita íbúaráðum borgarinnar alls 30 m.kr. til að úthluta til verkefna sem hafa það markmið að efla hverfisanda, mannlíf og menningu í sumarið 2020. Gert er ráð fyrir að efnt verði til eða auglýst yrði eftir verkefnum og viðburðum sem ætlað væri að stuðla að auknu mannlífi, menningu, félagsauði og lífsgæðum í hverfunum í sumar.

Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa yrði íbúaráðunum til stuðnings í undirbúningi og útfærslu auk stofnana borgarinnar í hverju hverfi eftir því sem þurfa þykir. Þá mun mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa tryggja tengsl við viðburðateymi og kynningarteymi Sumarborgarinnar 2020 til að tryggja markvissa kynningu og góða nýtingu fjármuna.

Miðað er við að hvert íbúaráð sem eru níu talsins fái milljón hvert en afgangurinn deilist út á íbúaráðin samkvæmt íbúafjölda hverfanna. Fjármála- og áhættustýringarviði verði falið að útfæra viðauka við fjárhagsáætlun 2020 í samræmi við tillöguna til framlagningar í borgarráði.

Greinargerð:

Gert er ráð fyrir að íbúaráðin auglýsi eftir verkefnum til að styrkja og geri í sameiningu úthlutunarviðmið sem byggja á ofangreindu. Mikilvægt er að verkefni höfði til allra aldurshópa og skírskoti til breiðs hóps fólks sem vill sækja sér afþreyingu og upplifun í eigin hverfi. Nú þegar eru fyrirhugaðar götubítahátíðir sem borgin styður í nokkrum hverfum en leiða má líkum að því að mikið er af áhugaverðum hugmyndum um verkefni og uppákomur hjá borgarbúum sem gaman væri að sjá verða að veruleika.

Með íbúaráðinu myndu eftir atvikum starfa fulltrúar skóla- og frístundasviðs/ frístundamiðstöðva, fulltrúar frá umhverfis- og skipulagssviði, menningar- og ferðamálasviði og velferðarsviði ef þess er þörf til að hægt sé að raungera verkefni á sem hagkvæmastan hátt.

Verkefnið tekur mið af þeim 13 aðgerðum sem borgarráð kynnti þann 26. mars sl. Verkefnið tengist beint aðgerðum 6-9 sem eru skapandi greinar og þekkingargreinar, menning, listir, íþróttir og viðburðarhald og markvissar vinnumarkaðsaðgerðir.

Dagur B. Eggertsson